

Á þessari blaðsíðu eru gögn til leiðbeiningar um FERIL við framsetningu á gögnum til árangursríkrar virkni lagnakerfa.

Annars vegar eru gögn sem miða að skýrri framsetningu við útboð, og hins vegar verklagsreglur við hönnun, smíði og allan frágang lagnakerfa.

## Grein í útboðsgögn v/Handbókar lagnakerfa.

### A) ÚTBOÐ Á HÖNNUNARVINNU

Hönnuður lagnakerfa gerir handbók fyrir lagnakerfi skv. fyrirmynd “Handbók lagnakerfa 29” útgefin af Lagnafélagi Íslands í desember 2002.

Sjá “verklag við gerð handbókar” á bls. 7 í “Handbók lagnakerfa 29”.

Fyrir útboð (B) skulu eftirtaldir kaflar vera unnir af lagnahönnuði, sjá nánar “Handbók lagnakerfa 29”,

- Hönnunarforsendur
- Kerfismyndir
- Kerfislýsingar
- Samvirknitækja og tækjalista, (ath: gerð tækja kemur fram eftir útboð)

### B) ÚTBOÐ Á BYGGINGARFRAMKVÆMDUM

Á framkvæmdastigi leggja verktakar og stjórnkerfishönnuður fram eftirfarandi gögn til lagnahönnuðar, sem verður hluti af Handbók lagnakerfa.

- Upplýsingar yfir öll tæki, (vegna tækjalista).
- Rafstýriteikningar.
- Stilliskýrslur.
- Leiðbeiningar fyrir tölvuskjá.
- Yfirlýsingar um verklok.

Lagnahönnuður tekur við gögnum í handbókina. Að því loknu tekur lagnahönnuður út lagnakerfin.

Reyndarteikningar frá lagnahönnuði skulu liggja fyrir áður en úttekt á lokafrágangi lagnakerfa er framkvæmd. Misvísanir á milli framkvæmdar og handbókar skulu leiðréttar eftir þessa úttekt, sé þess þörf. Að því loknu áritar lagnahönnuður handbókina.

Þannig skal handbókin fullfrágengin eins og “Handbók lagnakerfa 29” segir til um.

Að því loknu skrifa hönnuðir og iðnmeistarar upp á að verkið sé unnið og stillt eftir forskrift hönnuðar og að þeirra verkþáttum sé lokið að fullu, við þessu tekur byggingarstjóri.

Þá er verkinu vísað til úttektar hjá Yfirfagráði Lagnafélags Íslands (LAFÍ), sjá nánar um áherslur Yfirfagráðs (LAFÍ) á [www.lafi.is](http://www.lafi.is). (Handbók – úttekt á lagnakerfum virkni og lokafrágangur).

Að því loknu gefur byggingarstjóri út yfirlýsingu um verklok, og leggur fram til byggingarfulltrúa ásamt handbók og úttektarskýrslu Yfirfagráðs LAFÍ.

Reykjavík 28. desember 2008.

Samþykkt af.  
Stjórn Lagnafélags Íslands.

